



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26050002

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar, Visku stéttarfélags háskólamenntaðra og Félags íslenskra náttúrufræðinga um uppbyggingu óhagnaðardrífins húsnæðis

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar við Félag íslenskra náttúrufræðinga og Visku stéttarfélag háskólamenntaðra um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar, Visku stéttarfélags háskólamenntaðra og Félags íslenskra náttúrufræðinga um uppbyggingu óhagnaðardrífins húsnæðis, dags. maí 2026

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530369-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149 (hér eftir Reykjavíkurborg), Ráðhúsi Reykjavíkur, Félags íslenskra náttúrufræðinga (hér eftir FÍN), kt. 530169-4139, Borgartúni 27, Reykjavík og Visku stéttarfélag háskólamenntaðra (hér eftir Viska), kt. 491079-0459, Borgartúni 27, Reykjavík með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóð/um með byggingarrétti fyrir búseturéttar-eða leiguíbúðir á vegum FÍN og Visku, á þróunarlóðum í Reykjavík:
2. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
3. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatnagerðargjöld og önnur lögbundin gjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
4. FÍN og Viska skuldbinda sig til að framselja Félagsbústöðum hf. 5-10% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar á kostnaðarverði.
5. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofu eignarstýringar á Umhverfis- og skipulagssviði er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs 7. maí 2026.

Reykjavík, maí 2026

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

F.h. Visku stéttarfélags háskólamenntaðra
